



## Stjórnarfundur HSH

Fundur haldin á teams

12.02.2024 kl. 20.30

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Fundur settur kl. 20.30

Dagskrá fundar:

1. Ársreikningar

Garðar fór yfir niðurstöður ársreikninga en það er rúm milljón í hagnað. Aukagreiðsla verði greidd eftir sömu reglum og lottógreiðslur en hagnaður af landsmóti 50+ verður greitt út til aðildarfélaganna í jöfnum greiðslum.

Laun og launatengd gjöld eru helmingi hærrí en þau hafa verið. Ástæðan fyrir því er að HSH var með tvo starfsmenn á launum helminginn af árinu. Ársreikningurinn er hærrí en verið hefur, uppgjör vegna landsmóts 50+ spilar þar stórt inn. Kostnaðurinn við fundi og ferða utan héraðs er í hærra lagi, meðal annars vegna þinga og formannafunda UMFÍ og ÍSÍ, en á móti var enginn námskeiðakostnaður þetta árið.

2. Greiðslur v. lottó

Stjórnin leggur til að lottóið verði greitt út eftir skjali A.

3. Greiðslur v. 50+

Hagnaður af Landsmóti 50+ er 1.600.000.- og lagt til að skipt verði jafnt á öll félögin. Skiptir miklu máli fyrir litlu félögin.

4. Heimasíða HSH

Gunnhildur mun sækja um styrk í verkefnasjóð ÍSÍ og fræðslu- og verkefnasjóð hjá UMFÍ í vor vegna heimasíðu HSH. Ákveðið að sækja um 350.000 í hvorn sjóð fyrir sig. Hugrún Elísdóttir hefur samþykkt taka við uppfærslu heimasíðunnar og vinna það ásamt Gunnhildi. Stefnt á að koma endurbættri heimasíðu í loftið fljótlega.

5. Formannafundur HSH 20. febrúar

- a. Þau félög sem ekki verða búin að halda aðalfundina geta skilað inn ársreikningum félagsins undirrituðum af stjórn en tekið skal fram að þeir hafi ekki verið samþykktir á aðalfundi. Stjórn HSH mun leggja til að aðildarfélögin breyti því í sínum lögum að



# HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

*Stofnað 1922*

aðalfundir félagsins skulu vera haldnir fyrir 15.mars. Með því geta aðildarfélögin sent inn samþykktu ársreikninga fyrir þing HSH.

- b. HSH mun vinna að því að sækja um að gerast Fyrirmyndarhérað. Hvatningatillaga til félaganna að gerast fyrirmyndarfélag.

## 6. Héraðsþing

Framkvæmdarstjóri mun fara í það að skoða lög hjá öðrum og í framhaldinu mun stjórn ásamt starfsmanni vinna að nýjum og endurbreyttum lögum HSH. Þá mun starfsmaður vinna að tillögum fyrir þing í samvinnu við stjórn HSH.

## 7. Önnur mál

- a. Stjórn HSH stefnir á vinnufund í Grundarfirði í maí þar sem verður farið yfir skjöl og annað sem HSH á þar á skrifstofu UMFG.
- b. Rætt var um hugmyndir KLM varðandi gull- og silfurmerki HSH. Ákveðið var að skoða nánar hugmyndir og útlit merkja. Einnig var ákveðið að móta reglur varðandi veitingar þessar viðurkenninga.

Fundi slitið kl. 21.37

---

Gunnhildur Gunnarsdóttir